



Jazz tónleikar í FG

Miðvikudaginn 2. mars var boðið upp á Jazz í Urðarbrunni. Hljómsveitin Mingus kom og spilaði fyrir nemendur og starfsfólk. Hljómsveitin er nefnd eftir bandaríska jazzleikaranum [Charles Mingus](#) og var efniviður tónleikanna sóttur í hljómplötu Mingusar: [Ah Um](#). Mikill fjöldi var á tónleikunum og var gerður góður rómur að þeim.

Nemendur á ferð og flugi

Tveir HG-hópar munu í marsmánuði leggja land undir fót.

Annar hópurinn fer til Fuerteventura á Kanaríeyjum og er ferðin styrkt af [Evrópu unga fólksins](#). Fararstjóri hópsins verður Snædís Snæbjörnsdóttir.

Hinn hópurinn fer til Amsterdam í Hollandi og mun þar heimsækja skólann [Het Amsterdam Lyceum](#). Sá skóli mun svo heimsækja okkur í október á þessu ári. Fararstjóri hópsins verður Kristín Helga Ólafsdóttir

Dagur Loka

Fimmtudaginn 17. mars fáum við í FG tækifæri til að taka hamskiptum og bregða okkur í önnur hlutverk.

Kennarar gerast nemendur og nemendur geta prófað að kenna, vera húsvörður, skólaliði eða skólameistari.

Nemendur sem kenna fá að borða í mötuneyti kennara og sitja í leðursófunum og kennarar borða í mötuneyti nemenda.

Nemandi sem kennir mun merkja við nemendur og stjórna kennslustundinni. Kennarar sitja í kennslustundum í öðrum áföngum en þeim sem þeir eiga að kenna.

Klukkan 15:10 keppir forseti NFFG við skólameistara í borðtennis í Urðarbrunni. Ef forseti NFFG vinnur skólameistara er kennslu lokið þann daginn!

En af hverju Dagur Loka? Við höfum í FG sótt nöfn í norrænu goðafræðina. Hátíðarsalurinn heitir Urðarbrunnur og netkaffið heitir Miðgarður. Því fannst okkur viðeigandi að kalla þennan dag eftir Loki. Loki er ekki guð en er af jötnaættum. Hann er slunginn og getur breytt sér í allra kvikinda líki. Þó má ekki álykta sem svo að við höldum að nemendur okkar muni reynast okkur eins og Loki reyndist ásunum.



Hljómsveitin Mingus í góðri sveiflu